



Norræna
ráðherranefndin

Samstarfsáætlun 2021–2024

Ráðherranefndin um fiskveiðar
og fiskeldi, landbúnað, matvæli
og skógrækt

Efnisyfirlit

1. Formáli	3
2. Tilhögun norræns FJLS-samstarfs	5
3. Áherslur MR-FJLS á tímabilinu 2021–2024	8
4. Alþjóðasamstarf	11
5. Jafnrétti og málefni barna og ungs fólks	12
6. Skipulag sviðsins	14



MYND: UNSPLASH

1. Formáli

MR-FJLS er ráðherranefnd um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt. Allt eru þetta lykilatvinnuvegir á Norðurlöndum. Samanlögð efnahagsleg umsvif atvinnugreina lífhagkerfisins eru veruleg og skapa þær meira en 2,2 milljónir starfa á Norðurlöndum. Í samstarfsáætluninni er greint frá því hvernig Norðurlöndin munu vinna saman á næstu fjórum árum að góðum lausnum á sviði fiskveiða, fiskeldis, landbúnaðar, matvæla og í skógrækt (FJLS).

Norrænu ríkisstjórnirnar hafa komið sér saman um nýja framtíðarsýn fyrir norrænt samstarf um að Norðurlönd eigi að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims fyrir árið 2030. Tilgreind hafa verið tólf meginmarkmið framtíðarsýnarinnar á tímabilinu 2021–2024. Umræddar atvinnugreinar á FJLS-sviðinu eru mikilvægar til að framfylgja framtíðarsýnni og markmiðum hennar. Sjálfbær nýting náttúruauðlinda skapar sjálfbæra atvinnustarfsemi og störf alls staðar á Norðurlöndum um leið og staðinn er vörður um umhverfi og náttúru sem er forsenda þess að hægt sé að reka norræn velferðarsamfélög.

Helstu verkefni FJLS-greinanna eru framleiðsla á matvælum, lífmassa og líforku með tilheyrandi þjónustu, heilbriggt mataræði, þ.m.t. þekking og tækni með áherslu á nýsköpun og stafræna samþættingu. Atvinnugreinarnar ná yfir grunnþarfir Norðurlandabúa, þær skapa mikil verðmæti og eru mikilvægar útflutningsgreinar. Frá hnattrænu sjónarhorni eiga Norðurlönd stóran þátt í að bæta matvælakerfi og matvælakeðjur heimsins með afar skilvirkum framleiðsluaðferðum hvað varðar auðlindanýtni, loftslagsáhrif og sóun. Norðurlönd taka einnig þátt í alþjóðastarfi sem felst í því að bæta heilsu fólks með hollu og sjálfbæru mataræði. Á þann hátt framfylgja aðgerðir MR-FJLS markmiðum Framtíðarsýnar okkar 2030 um græn, samkeppnisfær og félagslega sjálfbær Norðurlönd.

Atvinnugreinar lífhagkerfisins á Norðurlöndum þurfa að aðlagast sig svipuðum loftslags- og landfræðilegum framleiðsluþáttum. Þær gegna einnig mikilvægu hlutverki í aðgerðum gegn loftslagsbreytingum með því að minnka markvisst kolefnisspor framleiðslu ásamt því að fanga og geyma kolefni í jarðvegi, skógum og í hafinu. Vegna mannfjölgunar og loftslagsbreytinga er afkoma Norðurlanda undir því komin að atvinnugreinar lífhagkerfisins haldi uppi öflugri nýsköpun og skapi góðar lausnir sem heimurinn þarfnast. COVID-19 heimsfaraldurinn hefur minnt okkur á mikilvægi norrænnar samvinnu um að tryggja viðnámsþol FJLS-greinanna á Norðurlöndum til lengri tíma.

Samstarfsáætlunin er stjórnþæki í starfi umræddra fagsviða í samspili við önnur stjórnþæki Norrænu ráðherranefndarinnar, sér í lagi Framtíðarsýn okkar 2030, en einnig formennskuáætlanir landanna og þverlæg stefnumótunarskjöl í norrænu samstarfi um jafnrétti, aukna þátttöku barna og ungs fólks og sjálfbæra þróun.

Ráðherranefndin um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, skógrækt og matvæli, MR-FJLS, er í sjálfu sér þverlæg. Atvinnugreinar lífhagkerfisins eru sterkasti samnefndarinn en þær eru allar undirstaða búsetu og verðmætasköpunar alls staðar á Norðurlöndum. MR-FJLS leggur áherslu á sjálfbær norræn lífhagkerfi og matvælakerfi á næstu fjórum árum. Þannig næst samfella í marga ára samstarfi en einnig nýr og aukinn metnaður með hliðsjón af nýrri framtíðarsýn

Norrænu ráðherranefndarinnar um samkeppnishæf, félagslega sjálfbær og samþætt Norðurlönd.

2. Tilhögun norræns FJLS-samstarfs

Allt starf Norrænu ráðherranefndarinnar á að framfylgja Framtíðarsýn okkar 2030 um Norðurlönd sem sjálfbærasta og samþættasta svæði heims fyrir árið 2030. Í samstarfsáætluninni er greint frá því hvernig FJLS-sviðið mun framfylgja stefnumarkandi áherslum á græn Norðurlönd, samkeppnisfær Norðurlönd og félagslega sjálfbær Norðurlönd og einnig markmiðunum tólf í framkvæmdáætlun Framtíðarsýnar okkar 2030 fyrir tímabilið 2021–2024.

Tólf markmið Framtíðarsýnar okkar 2030:

Græn Norðurlönd. Saman ætlum við að greiða fyrir grænum umskiptum í samfélögum okkar og vinna að kolefnishlutleysi og sjálfbæru hringrásar- og lífhagkerfi.

Á árunum 2021–2024 leggur Norræna ráðherranefndin áherslu á:

1. að efla rannsóknir, þróun og stuðning við lausnir sem stuðla að kolefnishlutleysi og aðlögun að loftslagsbreytingum, í samgöngum, byggingariðnaði, matvælageira og á sviði orkumála.
2. að tryggja líffræðilega fjölbreytni og sjálfbæra nýtingu sjávar og náttúru á Norðurlöndum.
3. að styrkja hringrásar- og lífhagkerfi, sjálfbæra og samkeppnishæfa framleiðslu, sjálfbær matvælakefni svo og auðlindanýtnar og eiturefnalausar hringrásir á Norðurlöndum.
4. sameiginlegar aðgerðir í þágu sjálfbærrar neyslu sem auðvelda norrænum neytendum að finnst eftirsóknarvert að velja hollt, umhverfis- og loftslagsvænt.
5. að stuðla að jákvæðri þróun í alþjóðlegu umhverfis- og loftslagsmálastarfi, meðal annars með kynningu á norrænum umhverfislausnum um allan heim.

Samkeppnishæf Norðurlönd. Saman ætlum við að efla grænan hagvöxt á Norðurlöndum, byggðan á á þekkingu, nýsköpun, hreyfanleika og stafrænni samþættingu.

Á árunum 2021–2024 leggur Norræna ráðherranefndin áherslu á:

6. að styðja við þekkingu og nýsköpun og auðvelda fyrirtækjum á Norðurlöndum að nýta sér til fulls þá þróunarmöguleika sem skapast í grænum, tæknilegum og stafrænum umskiptum og vaxandi lífhagkerfi.
7. færnipróun og öflugan vinnumarkað sem mætir þörfum vegna grænna umskipta og stafrænnar þróunar og styður við frjálsa för innan Norðurlanda.
8. að nýta stafvæðingu og menntun til að tengja Norðurlönd enn nánar saman.

Félagslega sjálfbær Norðurlönd. Saman ætlum við að efla samfelld svæði án aðgreiningar þar sem jafnrétti ríkir og sem byggist á sameiginlegum gildum og enn öflugri menningarsamskiptum og velferð.

Á árunum 2021–2024 leggur Norræna ráðherranefndin áherslu á:

9. góða og örugga heilbrigðisþjónustu og velferð án aðgreiningar og þar sem jöfnuður ríkir.
10. að allir Norðurlandabúar taki þátt í grænum umskiptum og stafrænni þróun, að nýta styrkleikana og vinna gegn því að umskiptin leiði til aukinnar misskiptingar í samfélaginu.
11. að efla rödd og þátttöku norrænna félagasamtaka, einkum barna og ungmenna, í norrænu samstarfi, og auka þekkingu þeirra á tungumálum og menningu nágrannaþjóðanna.
12. að standa vörð um traust og samloðunarkraft á Norðurlöndum, sameiginleg gildi og norrænt samfélag með áherslu á menningu, lýðræði, jafnrétti, þátttöku allra, bann við mismunun og tjáningarfrelsi.

Framtíðarsýn okkar 2030



Stjórnæki

1. Framtíðarsýn okkar 2030

Markhópur: Norræna ráðherranefndin

Gildistími: Fram til ársins 2030

2. Framkvæmdaáætlanir um græn

**Norðurlönd, samkeppnishæf Norðurlönd,
félagslega sjálfbær Norðurlönd**

Markhópur: Norræna ráðherranefndin

Gildistími: 2021–2024

3. Þverlæg sjónarmið

Markhópur: Norræna ráðherranefndin

Gildistími: Allt að 6 ár

4. Samstarfsáætlanir

Markhópur: Einstök svið

Gildistími: 4 ár

Auk Framtíðarsýnar okkar 2030 og þverlægra stefna í norrænu samstarfi leggur MR-FJLS áherslu á að framfylgja heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Ekki eiga öll markmiðin við FJLS-fagsviðin og því mun samstarfið og áherslur þess taka mið af þeim markmiðum og undirmarkmiðum sem talin eru mikilvægust. Markmið sem eiga sérstaklega við samstarfssviðið eru 2, 3, 6, 7, 8, 12, 13, 14 og 15.

FJLS-greinarnar eiga þátt í að leysa margar helstu áskoranir mannkyns um allan heim, til að mynda loftslagsbreytingar, þróun ónæmis hjá sjúkdómavaldandi bakteríum og vaxandi lífsstílssjúkdóma. Þetta þýðir einnig að FJLS-samstarf Norðurlandanna getur gegnt mikilvægu hlutverki með því að bera kennsl á og beita norrænum lausnum á stórum samfélagsáskorunum og miðla þeim til annarra landa heims. Á þann hátt eiga Norðurlöndin að nýta í auknum mæli sameiginlega styrkleika sína til að ryðja norrænum hagsmunum braut alþjóðlega. Saman eru Norðurlöndin öflug á alþjóðavettvangi, efnahagslega, menningarlega og samfélagslega.



Athugið að fæðuöryggi þýðir bæði örugg matvæli og afhendingaröryggi matvæla. Takið einnig eftir að Sameinuðu þjóðirnar flokka fiskveiðar og fiskeldi sem „landbúnað“.



MYND: UNSPLASH

3. Áherslur MR-FJLS á tímabilinu 2021–2024

Norrænu löndin búa yfir mismunandi styrkleikum en þau eiga það sameiginlegt að lífhagkerfið hefur mikla og jafnvel afgerandi efnahagslega þýðingu. Með norrænu samstarfi hafa löndin skuldbundið sig til að vinna saman að sjálfbærri nýtingu lífauðlinda og atvinnugreinum lífhagkerfisins með það fyrir augum að auka verðmætasköpun, samkeppnisfærni og félagslega sjálfbærni greinanna. MR-FJLS er þverlæg ráðherranefnd sem nær yfir atvinnugreinar lífhagkerfisins sem eru fiskveiðar og fiskeldi, landbúnaður, matvæli og skógrækt. Í því skyni að tengja sviðin saman og skapa samlegð milli þeirra verður samstarf eftt á næstu fjórum árum um að þróa sjálfbært og verðmætaskapandi lífhagkerfi og sjálfbær og örugg matvælakerfi á Norðurlöndum.

Heildræn stjórnun norrænna auðlinda

FJLS-greinarnar fela í sér sjálfbæra framleiðslu á lífmassa úr jörðu, hafi og skógum ásamt leið afurðanna á markaði en þær eru matvæli, fóður, innihaldsefni matvæla, efni, vefnaðarvörur og eldsneyti en einnig ýmis hráefni og iðnaðarvörur. Samstarfssviðið tekur til allra hliða sjálfbærni í verðmætakeðjunum og stefnir að því að auka viðnámsþol. MR-FJLS ætlar að stuðla að því að Norðurlöndin nýti styrkleika sína varðandi framboð á lífauðlindum, stjórnun, þekkingu og verðmætasköpun og færi sér í nyt nýja stafræna tækni. Ný þróunartækifæri munu gefast með því að safna gögnum, gera þau aðgengileg og dreifa þeim milli einkageira og opinbers geira og milli Norðurlandanna. Á þann hátt ætlar FJLS-sviðið að stuðla að lausnum á helstu samfélagslegu áskorunum heimsins: með betri auðlindanýtni og efnahagslegri verðmætasköpun, aðlögun að loftslagsbreytingum og góðum loftslagslausnum sem felast einnig í hollu mataræði, fæðuöryggi og sjálfbærum matvælakerfum og með því að fyrirbyggja hnignun líffræðilegrar fjölbreytni. Á undanförunum árum hafa Norðurlöndin eftt samstarf um áskoranir vegna matarsóunar í matvælakeðjunni. Skilvirk og sjálfbær auðlindastjórnun og barátta gegn matarsóun í allri verðmætakeðjunni hafa augljósa kosti vegna þess að þær losa um auðlindir sem geta skapað meiri verðmæti og stuðlað að framleiðsluöryggi til lengri tíma. FJLS-samstarfið á þessu sviði mun aðallega framfylgja markmiðum framtíðarsýnarinnar um græn og samkeppnisfær Norðurlönd, þar á meðal en ekki eingöngu markmiðum 2, 3 og 6.

Sjálfbært lífhagkerfi sem knýr hagvöxt og umskipti

Með lífhagkerfi er átt við efnahagslega verðmætasköpun með sjálfbærri stjórnun endurnýjanlegra lífauðlinda og framleiðslu á matvælum, fóðri, viðarafurðum, líforku, öðrum lífafurðum og vistkerfisþjónustu sem eru undirstaða búsetu og atvinnu í strjálbýli. Nýskapandi

Þróun á sér stað á þessu sviði á Norðurlöndum, í frumframleiðslu sem fyrir er en einnig með betri nýtingu á afgangsafurðum sem hægt er að vinna úr verðmætari vöru. Norðurlöndin munu auka samstarf sitt um lífhagskerfi á næstu árum, t.d. með því að undirbúa jarðveginn fyrir nýja tækni og stafræn umskipti og veita færni, mönnun og jafnrétti meira vægi. Samstarfssviðið ætlar því að ráðast í sérstakar aðgerðir í nánú samstarfi við önnur fagsvið Norrænu ráðherranefndarinnar sem snúast um hvernig lífhagkerfi getur knúið áfram hagvöxt og græn umskipti í strjálbýli. Einnig verður gripið til sérstakra þverlægra aðgerða til eflingar starfi Norðurlandanna að sjálfbæru sjávarhagkerfi. FJLS-samstarfið á þessu sviði mun aðallega framfylgja markmiðum framtíðarsýnarinnar um samkeppnisfær Norðurlönd, þar á meðal en ekki eingöngu markmiðum 6, 7 og 8.

Aukið viðnámsþol og minni áhrif af völdum loftslagsbreytinga

Norðurlöndum og öllum heiminum stendur mikil ógn af losun gróðurhúsalofttegunda. Framleiðsla á matvælum og lífmassa veldur einnig losun út í andrúmsloftið en skapar jafnframt stærri lífmassa, m.a. í norrænum skógum, sem dregur úr magni gróðurhúsalofttegunda með því að binda kolefni og koma í stað jarðefnavöru. Í löndunum og í norrænu samstarfi er hafin vinna að því að kortleggja athafnarymi og tækifæri til aðlögunar að loftslagsbreytingum, einnig aðgerðir sem draga úr losun. FJLS-sviðið ætlar að efla samstarf um þessar áskoranir, m.a. að kortleggja núverandi losun í umræddum atvinnugreinum og leggja til hvernig draga megja úr losun, að styðja aukna lífræna kolefnisgeymslu, tryggja og efla líffræðilega fjölbreytni jafnframt því að gefa kost á aðlögun að loftslagsbreytingum. Sviðið mun halda áfram að styðja rannsóknir og þróa og miðla þekkingu um ræktunar- og rekstrarkerfi sem geta haft jákvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni, umhverfið og andrúmsloftið, jafnframt því að efla og skala aðgerðir í þágu lausna sem byggjast á hafinu. FJLS-samstarfið á þessu sviði mun aðallega framfylgja markmiðum framtíðarsýnarinnar um græn Norðurlönd, þar á meðal en ekki eingöngu markmiðum 1 og 2.

Erfðaauðlindir

Norræna erfðaauðlindastofnunin, NordGen, er samnorrænt þekkingarsetur um plöntu-, húsdýra- og skógaerfðaauðlindir. NordGen er jafnframt genabanki fyrir fræ og plöntur auk þess sem hann mótar stefnu um varðveislu erfðafræðilegrar fjölbreytni plantna, húsdýra og skóga. Fræsafnið á þátt í að skapa viðnámsþol og sjálfbærar lausnir til að forðast hnignun mikilvægrar líffræðilegrar fjölbreytni og til að skapa loftslagslausnir, traustar birgðir af matvælum og fóðri, nýja prótínjafa og betri heilsu og vistkerfapjónustur. Með starfsemi NordGen vilja Norðurlöndin halda áfram auðkenningu og mati á fræsafninu svo norræn samfélög fái aðgang að fleiri gögnum, að líffræðileg fjölbreytni húsdýra eflist á Norðurlöndum og að löndin fái stuðning til að stunda kynbætur á sterkum og loftslagsvænum plöntum og húsdýrum. FJLS-samstarfið á þessu sviði mun aðallega framfylgja markmiðum framtíðarsýnarinnar um græn Norðurlönd, þar á meðal en ekki eingöngu markmiði 2.

Örugg matvæli, hollt mataræði og matargleði

Norðurlöndin hafa löngum unnið náið saman að þessum málum. Örugg matvæli eru grunnskilyrði og með stjórnun sem byggist á þekkingu tryggja Norðurlöndin örugg, holl og sjálfbær matvæli. Hugsunin „úr sveit / úr sjó á diskinn“, það er örugg matvæli byggð á góðu dýraheilbrigði og dýravelferð, er kjarninn í norrænni matvælaframleiðslu og undirstaða þess að Norðurlöndin geta haldið sýklalyfjaógnæmi í lágmarki með ábyrgri og jafnvel minni lyfjagjöf. Matvælayfirvöld landanna munu halda áfram að bera saman reynslu sína á sviði matvælaöryggis í þeim tilgangi að tryggja matvælaöryggi, gott heilbrigði fiska, dýra og plantna, en einnig skilvirka stjórnun og samræmda innleiðingu á nýjum ESB-gerðum sem veitir Norðurlöndum samkeppnisforskot þegar komist er hjá óþarfa stjórnsýsluhindrunum. Í því sambandi er matarsóun einnig mikilvægur málaflokkur. FJLS-sviðið mun því hefja sérstak verkefni á tímabilinu 2021–2024 í nánú samstarfi við önnur fagsvið Norrænu ráðherranefndarinnar, sem fjallar um sjálfbæran lífsstíl. Í verkefninu er

stuðst við samstarfið um Nýja norræna matargerð og það þróað áfram. Norrænu næringarráðleggingarnar (NNR) verða áfram hornsteinn samstarfsins með sameiginlegri framkvæmdaáætlun, sameiginlegu eftirliti og sameiginlegu næringarmerki, Skráargatinu. Lengi býr að fyrstu gerð og á það einnig við um góðar matarvenjur. Þess vegna er mikilvægt að miða aðgerðir við börn og ungt fólk. FJLS-samstarfið á þessu sviði mun aðallega framfylgja markmiðum framtíðarsýnarinnar um félagslega sjálfbær Norðurlönd, þar á meðal en ekki eingöngu markmiðum 4 og 9.

Norrænar næringarráðleggingar

Norrænu næringarráðleggingarnar (NNR) eru mikilvæg vísindaleg undirstaða næringarráðgjafar og leiðbeininga um mataræði í löndunum. Ráðleggingarnar framfylgja þannig Framtíðarsýn okkar 2030 um Norðurlönd sem sjálfbærasta og samþættasta svæði heims. Nýjar rannsóknaniðurstöður og betri skilningur á sjálfbærri framleiðslu og neyslu matvæla kalla á nýtt vísindalegt mat og uppfærslu. Árangur þeirrar vinnu verða nýjar næringarráðleggingar sem flétta inn tillit til sjálfbærni og verða birtar 2022.



MYND: RITZAU/SCANPIX.DK

4. Alþjóðasamstarf

Atvinnugreinar lífhagkerfisins skipta miklu máli í sjálfbærnistarfi, hvort sem það er staðbundið, svæðisbundið eða hnattrænt. MR-FJLS styður þátttöku í alþjóðasamstarfi á ýmsum stigum, t.a.m. stefnu ESB um málefni Eystrasaltsins þar sem skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar er samhæfingaraðili Priority Area Bioeconomy, stuðning við Large Ocean Nations-verkefnið og varðveislu erfðaauðlinda frá öllum heiminum í Fræhvelvingunni á Svalbarða. MR-FJLS getur einnig stutt þátttöku Norðurlandanna í stórum alþjóðaviðburðum, t.a.m. UN Food Systems Summit (2021), Global Bioeconomy Summit svo og loftslagsráðstefnur Sameinuðu þjóðanna (COP) og ráðstefnur SP um líffræðilega fjölbreytni (CBD). FJLS-sviðið mun einnig halda áfram samstarfi um mál sem tengjast ESB og alþjóðamálum með það fyrir augum að veita norrænum sjónarmiðum brautargengi þar sem það á við. FJLS-samstarfið á þessu sviði mun framfylgja markmiðum framtíðarsýnarinnar á ýmsum sviðum.



MYND: UNSPLASH

5. Jafnrétti og málefni barna og ungs fólks

MR-FJLS leggur mikla áherslu á að framfylgja þverlægum stefnum ráðherranefndarinnar um jafnrétti og um málefni barna og ungs fólks. Stuðst verður við nýja jafnréttisgreiningu í norrænni skógrækt þegar teknar verða ákvarðanir um sérstakar aðgerðir á því sviði, og henni verður væntanlega fylgt eftir með sambærilegum rannsóknum í öðrum FJLS-greinum. Varðandi málefni barna og ungs fólks þá hefur FJLS-samstarfið gripið til ýmissa aðgerða til að efla inngildingu ungs fólks í störfum og ákvörðunum greinanna. Á þetta meðal annars við um inngildingu fulltrúa ungs fólks í stjórn Samnorrænna skógarannsókna, markvissa viðburði (match-making days), fulltrúa ungs fólks á ýmsa alþjóðaviðburði og samstarf við skóla og leikskóla um gerð námsefnis um erfðaauðlindir. MR-FJLS mun vinna áfram að því að gera aðkomu og þátttöku ungs fólks að föstum lið í faglegu starfi og ákvarðanatökum á sviðinu. FJLS-samstarfið á þessu sviði mun aðallega framfylgja markmiðum framtíðarsýnarinnar um félagslega sjálfbær Norðurlönd, þar á meðal en ekki eingöngu markmiðum 11 og 12.

Mikilvægasta rými í heimi

Plöntuerfðaauðlindir eru ein mikilvægustu verðmæti samfélagsins. Í þúsundir ára hafa ótal tegundir verið ræktaðar til þess að aðlagast ýmsum vaxtarskilyrðum; veðurfari, jarðvegi, dagslengd, sjúkdómum, meindýrum og þörfum samfélagsins. Þetta þýðir einnig að loftslagsbreytingar, nýir sjúkdómar og aðrar umhverfisbreytingar geta haft gífurleg áhrif á matvælaöryggi. Fræbankar eru mikilvægur liður í að sporna gegn hnignun líffræðilegrar fjölbreytni. Norræna fræsafnið er til húsa hjá NordGen í Alnarp í Svíþjóð. Öryggiseintök af fræjunum eru geymd í Danmörku. Enn önnur öryggiseintök eru varðveitt innst inni í fjalli í aðeins tólf kílómetra fjarlægð frá norðurskauti, í fræhvelfingunni á Svalbarða. Fræhvelfingin er í eigu norska ríkisins en NordGen sér um rekstur hennar. Þar er að finna öryggiseintök af meira en 40% af fræsöfnum heimsins, ef til hamfara kæmi og eitthvað kæmi fyrir upprunalegu fræin. Þess vegna er fræhvelfingin oft sögð vera mikilvægasta rýmið í heiminum. Nánari upplýsingar um fræhvelfinguna á Svalbarða hér: <https://www.nordgen.org/en/global-seed-vault/>




Mynd: Scanpix.dk



MYND: UNSPLASH

6. Skipulag sviðsins

Embættismenn ráðherranefndarinnar starfa í fimm samþættum undirnefndum. Auk samhæfingarnefndar eru það nefndir um fiskveiðar og fiskeldi, um landbúnað, um matvæli og um skógrækt. Samhæfingarnefndin og hinar fjórar nefndirnar hafa allar stöðu embættismannanefndar. Norræna erfðaauðlindastofnunin (NordGen) starfar einnig á vegum MR-FJLS en hlutverk hennar er að varðveita og nýta norrænar erfðaauðlindir í landbúnaði og skógrækt. Skipulag undirnefnda er mismunandi eftir málaflokkum: Á vegum EK-FJLS (fiskveiðar og fiskeldi) starfar norrænn vinnuhópur um fiskveiðar og fiskeldi (AG-Fisk). Á vegum EK-FJLS (landbúnaður) starfar samstarfsvettvangurinn [Norræn nefnd um landbúnaðar- og matvælarannsóknir \(NKJ\)](#) með því markmiði að efla og styðja norrænt samstarf um landbúnaðar- og matvælarannsóknir. Á vegum EK-FJLS (skógrækt) starfar samstarfsvettvangurinn [Samnorrænar skógarannsóknir \(SNS\)](#) en meginmarkmið hans er að efla rannsóknasamstarf og samstarfsnet um sjálfbæra skógrækt og nýtingu skógaauðlinda. Á vegum EK-FJLS (matvæli) starfa þrír vinnuhópar: Norrænn vinnuhópur um örugg, holl og sjálfbær matvæli (HSSD), norrænn vinnuhópur um matvælastjórnun og neytendafræðslu (NMF) og norrænn vinnuhópur um örverufræði, dýraheilbrigði og dýravelferð (NMDD). Stýrihópur verkefnisins Ný norræn matargerð starfar á vegum EK-FJLS (samhæfingarnefndar).



Stefnumarkandi umboð Norrænu erfðaaðilindastofnunarinnar (NordGen)

Norræna erfðaaðilindastofnunin (NordGen) er samnorrænt þekkingarsetur um erfðaaðilindir plantna, húsdýra og skóga og samnorrænn genabanki fyrir fræ og plöntur. Starfsumboði stofnunarinnar er lýst í starfsreglum sem Norræna ráðherranefndin (MR-FJLS) samþykkti 10. september 2014 og sem tóku gildi 1. janúar 2015.

NordGen er þekkingarsetur og genabanki sem á að efla norrænt samstarf um sjálfbæra stjórnun, nýtingu og varðveislu erfðaaðilinda til hagsbóta fyrir landbúnað, garðyrkju, skógrækt og matvælaframleiðslu á Norðurlöndum og út frá umhverfissjónarmiðum þar að lútandi. NordGen á að taka virkan þátt í að þróa samstarf við ólíka notendahópa á Norðurlöndum og skapa þekkingu um og forsendur fyrir sjálfbærri nýtingu erfðaaðilinda.

Sem þekkingarsetur á NordGen einnig að efla samstarf milli húsdýra-, plöntu-, skóga- og umhverfissviða, miðla þekkingu um og vekja athygli á starfi með erfðaaðilindir. NordGen á enn fremur að efla stjórnun og færni á hinum þremur fagsviðum.

NordGen á að veita ráðamönnum á Norðurlöndum tæknilega ráðgjöf og upplýsingar þegar þörf krefur og unnið er að samningum um verndun og sjálfbæra nýtingu erfðaaðilinda í löndunum, á Norðurlöndum og alþjóðlega.

NordGen ber sérstaka ábyrgð á því að varðveita og skrá erfðabreytileika norræns efnis til að tryggja líffræðilega fjölbreytni og sjálfbæra nýtingu erfðaaðilinda. Árið 1979 ákváðu Norðurlöndin að stofna samnorrænan genabanka fyrir plöntur til að varðveita plöntuerfðaaðilindir landanna og undirbúa nýtingu þeirra.

Í Kalmáryfirlýsingunni frá árinu 2004 samþykktu Norðurlöndin grunninn að því hvernig NordGen

gæti séð um að stjórna aðgangi að erfðaauðlindum og rétti til þeirra. Öll fræsöfn bankans, að undanskildum öryggiseintökum sem NordGen varðveitir fyrir aðra genabanka, eru í sameiginlegri umsjón Norðurlandanna og aðgengileg almenningi.

Fræsafn genabankans á að auka viðnámsþrótt og skapa nýjar lausnir til að koma í veg fyrir hnignun líffræðilegrar fjölbreytni. Það á að stuðla að aukinni notkun erfðaauðlinda til að skapa sjálfbærar loftslagslausnir, traustum birgðum af matvælum og fóðri, þar á meðal nýjum prótingjöfum, sjálfbæru plöntuvali í skógum, betri heilsu og sjálfbærri vistkerfisþjónustu svo eitthvað sé nefnt. Jafnframt verður unnið að því að bæta skráningu með því að auðkenna og meta fræsafnið svo fleiri gögn verði aðgengileg norrænum samfélögum.

NordGen stýrir samstarfi opinberra aðila og einkaaðila (PPP) um forræktun en markmiðið með því er að styðja þróun norrænna plöntukynbóta.

NordGen hefur umsjón með rekstri fræhvelvingarinnar á Svalbarða (SGSV) í samstarfi við norska landbúnaðar- og matvælaráðuneytið og Global Crop Diversity Trust.

Mat á samstarfsáætluninni

FJLS-sviðið og önnur samstarfssvið ráðherranefndarinnar eru metin til að tryggja að pólitískum skilaboðum og áherslum sé fylgt eftir á markvissan og skilvirkan hátt. FJLS-sviðið mun láta meta samstarfsáætlunina áður en gildistímabili hennar lýkur. Matið fer fram í nánu samráði við fulltrúa landanna í FJLS-samstarfinu, þar á meðal fagnefndirnar. Einnig er ráðgert að utanaðkomandi aðilar meti alla aðila samstarfssviðsins (vinnuhópa, samstarfsvettvanga og stofnun) fyrir árið 2024.

Ágrip

Samstarfsáætlunin greinir frá helstu áherslum ráðherranefndarinnar um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt á tímabilinu 2021–2024. Áætlunin fjallar um sjálfbært lífhagkerfi og verðmætasköpun, sjálfbær og heilsueflandi matvælakerfi á Norðurlöndum og tilheyrandi aðgerðir sem allar framfylgja framtíðarsýninni um Norðurlönd sem sjálfbærasta og samþættasta svæði heims fyrir árið 2030. Norrænt samstarf stuðlar jafnframt að lausnum á mörgum helstu áskorunum sem ríki heimsins hafa ákveðið að setja í forgang með hinum sautján heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Um þessa útgáfu

Samstarfsáætlun ráðherranefndar um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt 2021–2024

PolitikNord: 2021:703

ISBN 978-92-893-6872-8 (PDF)

ISBN 978-92-893-6873-5 (ONLINE)

<http://doi.org/10.6027/politknord2021-703>

© Norræna ráðherranefndin 2021

Umbrot: Mette Agger Tang

Kápumynd: Johnér (mynd af korni er frá Unsplash.com)

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðissamstarf í heimi. Samstarfið byggist á legu landanna, sameiginlegri sögu þeirra og menningu. Að samstarfinu koma Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og lætur muna um sig í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Löndin stuðla sameiginlega að öflugum Norðurlöndum í öflugri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er hagsmuna svæðisins gætt og norræn gildi efla í hnattrænu samhengi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norræna ráðherranefndin

Nordens Hus

Ved Stranden 18

DK-1061 Kaupmannahöfn

www.norden.org

Lesi fleiri norræn rit: www.norden.org/is/utgafur

Tenging samstarfsáætlunarinnar við *Framtíðarsýn okkar 2030*

Allt starf Norrænu ráðherranefndarinnar á að framfylgja Framtíðarsýn okkar 2030 um Norðurlönd sem sjálfbærasta og samþættasta svæði heims fyrir árið 2030. Í samstarfsáætluninni er greint frá því hvernig sviðið mun vinna með hinar þrjár stefnumarkandi áherslur og stuðla að því að markmiðin tólf í framkvæmdáætlun 2021–2024 náist svo uppfylla megi Framtíðarsýn okkar 2030.

Nánar á norden.org

